

Nr. 218

29. febrúar 2016

AUGLÝSING um breytingu á gjaldskrá vatnsveitu í Fjallabyggð nr. 35/2015.

1. gr.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Notkunargjald.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa skal innheimt sérstakt notkunargjald. Fjárhæð notkunargjalds er 14 kr. á rúmmetra vatns, skv. mælingu.

Reglur um afslætti til stórnötenda:

Flokkur	Magn	Afsláttur
Almennt gjald	100.000 m ³	0%
1. Afsláttarflokkur	100.000-250.000 m ³	15%
2. Afsláttarflokkur	> 250.000 m ³	25%

2. gr.
Gildistaka.

Þessi gjaldskrárbreyting var samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar 10. febrúar 2016 og er staðfest samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til að öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 29. febrúar 2016.

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. mars 2016